

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	17.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Oddsson	Staðsetning	736509,507	500987,545

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Svartolíugeymir T0148 hefur verið botnþykktarmældur nýlega og kom vel út úr mælingum. Allir geymar og lagnir eru hafa verið mæld eins og tilskilið er. Olíuleifar í frárennsli olíuskilja skulu mældar árlega og verða niðurstöður mælinga vegna 2013 sendar stofnuninni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir, svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður. Áfyllingarplön voru skoðuð. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ekki er gerð athugasemd við fyrirkomulag í stöðinni.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir við stöðina eru gerðar

Reykjavík, 21.05.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.